

Brettafélag Hafnarfjarðar

Forsvarsmenn Brettafélags Hafnarfjarðar og íþrótt- og tómstundafulltrúi hafa fundað og farið yfir starfsemi félagsins og húsnæðisþarfir. Fyrirliggur tillaga um að selja húsnæðið sem Brettafélagið nýtir undir aðstöðu sína. Mikill vilji er hjá Hafnarfjarðarbæ að tryggja áfram rekstur félagsins og fari svo að núverandi aðstaða verði seld þá hafa aðilar málsins búið til þetta skjal til að marka þá umgjörð sem þarf að vera til staðar til að félagið geti vaxið og starfsemi þess uppfylli kröfur til íþróttþjálfunar.

Brettafélag Hafnarfjarðar er aðili að tveimur sérsamböndum ÍSí, Skíðasambandi Íslands og Hjólreiðasambandi Íslands. Félagið rekur stærstu snjóþrettadeild landsins. Jafnframt rekur félagið einu hjólreiðadeild landsins sem býður uppá BMX hjólaæfingar en sú grein er í örum vexti innan UCI (alþjóða hjólreiðasambandsins), jafnframt eru stundaðar skipulegar æfingar í fjallahjólreiðum. Í almenningsíþróttadeildinni eru stunduð hjólabretti og hlaupahjól. Fjöldi iðkenda sækir húsið í opnum tímum, húsnæði BFH er eina innanhúsaðstaðan á landinu fyrir þessar greinar og því er aðsókn í húsið mikil.

Framtíð félagsins er því björt, lykillinn að því að byggja upp öflugt íþrótt- og æskulýðsstarf er að til staðar sé góð æfingaaðstaða. Veðurfar á Íslandi er mjög breytilegt og því er innanhúsaðstaða forsenda fyrir rekstri félagsins, en kjöraðstæður væri að hafa inni- og útiaðstöðu í bland.

Með tilkomu Brettahallarinnar hefur BFH getað byggt upp starf sem er fordæmalaust á Íslandi, stuðningur Hafnarfjarðarbæjar hefur lagt grunninn að því frumkvöðlastarfi sem unnið hefur verið. Nú er svo komið að félagið sér ekki fram á áframhaldandi vöxt starfseminnar í núverandi húsnæði. Aðstaðan er fullnýtt alla virka daga frá kl. 15 til 21 og stundum lengur og um helgar frá kl 10 til 18 og stundum lengur. Er það mat stjórnar að miðað við vaxtarhraða félagsins þurfi það stærra húsnæði á næstu 12-18 mánuðum til að mæta eftirspurn. Komi til þess að Flatahraun 14 verði selt og félaginu gert að flytja þá leggjum við fram eftirfarandi þarfagreiningu:

Inniaðstaða (lágmarkskröfur):

Æfingasalur - 1350 m² lofthæð þarf að lágmarki að vera 6-7 m

Þar af:

Salur 1: Hjólabrettapallar 500 m²

Salur 2: BMX pallar 500 m²

Salir 1 og 2 hafi þann möguleika á að hafa opið á milli og mynda þannig eitt æfingasvæði 1000 m² ef þess gerist þörf.

Salur 3: Aðstaða fyrir tækni og styrktaræfingar 300 m²

Áhaldageymsla 50 m²

Afgreiðsla - 100 m²:

Leiga á hjólabrettum, hjálmum og hjólum

Foreldraaðstaða

Félagsaðstaða - 100 m²:

Skrifstofa 20 m²

Kennslustofa/félagsheimili 80m²

WC 15 m²

2-4 salerni

Ræstiherbergi 10 m²

Áhorfendapallar í æfingasal (fermetrafjöldi háður útfærslu)

Aðstaða fyrir foreldra og aðra til að horfa á æfingar, mót, og sýningar

Til að starfsemi félagsins raskist ekki, komi til uppsagnar á afnotasamningi húsnæðisins að Flatahrauni 14, er nauðsynlegt að félaginu hafi verið tryggt annað húsnæði og að nýtt húsnæði verði fullbúið þegar til flutninga kemur. Forsenda fyrir flutningi á starfseminni er að gefið verði 6 til 9 mánaða svigrúm til framkvæmda í nýju húsnæði á meðan að starfsemi í eldra húsnæði er enn í gangi. Félagið fer fram á að haft verði fullt samráð við val og útfærslu á nýju húsnæði.

Verði af sölu húsnæðis skal Hafnarfjarðarbær tilkynna félaginu það hið fyrsta. Nauðsynlegt er að félagið fái tíma til að vinna að lokun, opna á nýjum stað, klára æfingatímabil og tilfallandi námskeið með þeim fyrirvara sem nefndur er í fyrri málsgrein.

Framtíðarhugmyndir forsvarsmanna félagsins eru þær að félagið byggi eigið húsnæði þar sem einnig er aðgengi að úti æfingasvæði fyrir snjóbretti, hjólabretti, bmx og fjallahjól. Félagið rennir hýru auga til Hamraness eða svæðis þar í kring til framtíðar uppbyggingar félagsins.

Virðingarfyllt fyrir hönd stjórnar Brettafélags Hafnarfjarðar.

Jóhann Óskar Borgþórsson
Formaður